

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2019
UST201904-322/B.S.
10.05.03

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Grafningsvegur efri - endurbætur - seinni áfangi.
Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða framkvæmd á 6 km löngum kafla og er það síðari áfangi veglagningar á 11 km löngum kafla á Grafningsvegi milli slitlagsenda.

Framkvæmdin mun einskorðast við veginn og vegfláa. Allt efni verður keyrt úr námu og er bent á Króksnámu í því sambandi en sú náma er opin og með framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdin er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns og leggur Vegerðin fram verklag í greinargerð sem viðhaft verður við framkvæmdina til að draga úr líkum á olíuóhöppum og áætlun um viðbrögð ef olíuóhapp verður. Hér er um sambærilega framkvæmd og verklag að ræða sem viðhaft var við lagningu fyrir áfanga á umræddum kafla á Grafningsvegi. Sú framkvæmd gekk fyrir sig eins og ráð var fyrir gert. Sú framkvæmd var einnig tilkynnt til Skipulagsstofnunar og var niðurstaða Stofnunarinnar sú að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingu